

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 362/1994.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Erni Karlssyni

(Örn Clausen hrl.)

Hylming. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar. Af hálfu ákærvalds var þá einnig áfrýjað, að því er hann varðar, með stefnu 8. júlí 1994 til þyngingar á refsingu, en meðákærði undi dóminum.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelld ákærða fyrir hylmingu samkvæmt 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í héraðsdómi var ákærða dæmdur hegningarauki við refsingu þá, er ákveðin var í dómi 17. febrúar 1994. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Örn Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1994.

Ár 1994, mánudag 27. júní, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 37/1994: Ákærvaldið gegn X og Erni Karlssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. þ. m., er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, út gefinni 1. mars 1994 og birtri 14. og 15. þ. m., á hendur X [...]

og Erni Karlssyni, Kleppsvégi 126, Reykjavík, fæddum 7. september 1955, fæðingarnúmer 237, fyrir þjófnað og hylmingu.

I.

Þjófnaður.

Ákærða X er gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudags 1. september 1993 brotist inn í skartgripaverslunina Gullsmiðinn, Álfabakka 14 d, Reykjavík, og stolið þar miklu af skartgripum, gullhálsmenjum, svokallaðri flóru, sem eru íslenskar flóru, gullhúðaðar, 9 sett, það er hálsmen og eyrnalokkar, 6 eyrnalokkar og 33 hálsmen, 2–300 flórum, sem voru fullunnar, en eftir að setja á þær hálskeðjur, 2–300 flórum, sem verið var að vinna við, eðalsteinum, ekki vitað um fjölda, 250 hálsfestum úr gulli af Duplegerð, tveimur sýningarbökkum með gullhálsmenjum, handsníðuðum, og leturstöfum til þess að grafa á skartgripi. Megnið af þessum skartgripum afhenti ákærði meðákærða Erni Karlssyni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Hylming.

Ákærða Erni er gefið að sök að hafa tekið við og geymt nefnda skartgripi, en skilað eiganda, Guðbjarti Þorleifssyni, kt. 240431-4839, hluta þeirra gegn greiðslu á 34.000 krónum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt játningu ákærða X kom hann að versluninni laust eftir kl. 02.00 með kúbein og rafmagnsborvél. Reyndi hann árangurslaust að bora í skrána á dyrum verslunarinnar, en tókst síðan að opna dyrnar með kúbeininu og eyðileggja þjófavarnarkerfi með því að slíta sundur leiðsluþræði í því. Hann tók „flóru“ í versluninni, stafi, hálskeðjur úr gulli og silfri og „flóru“, steina og perlur á verkstæði fyrir innan búðina. 15 til 20 dögum síðar segist hann hafa skýrt ákærða Erni frá því, að hann hefði skartgripina undir höndum og Örn lofað að koma þeim til skila. Seinna kom Örn og sótti megnið af gripunum. X kveðst ekki hafa stolið öllu því, sem talið er í ákæru. Í byrjun nóvember komu fram 83 ónixsteinar, 5 reyktópasar og poki með perlum að tilvísun X. Hér fyrir dómi hefur hann staðfest framburð sinn fyrir lögreglu. Hann viðurkennir að hafa tekið mikið af skartgripum á mismunandi framleiðslustigum í um fjóra burðarpoka, gjafaöskjur með fullunnum skartgripum, lausar flóru, allt frá ónunni efni upp í fullunna skartgripi, perlur, sem límdar eru á flórunnar, og silfurkeðjur. Hann man ekki að telja fleira. Hinn 23. þ. m. var gerð hútleit hjá ákærða X, og fundust þá 45 silfurkeðjur, 50 eðalsteinar, 300 perlur og hálfunnir silfurmunir. Þessa muni segir hann munu hafa mislagst, en viðurkennir að hafa tekið þá.

Örn neitar sakargiftum. Sagði hann lögreglu fyrst, að hann hefði fundið gripina, en síðan, að nafngreindur maður hefði vísað sér á þá. Hann setti sig í samband við eigandann og bauð að láta hann fá gripina gegn fundarlaunum. Hann fékk þau og skilaði 1. október og nokkrum dögum síðar hluta þýfisins, fullum poka af „flórum“, um 500 festum og lettri. Um miðjan október bauðst Örn til að skila 276 „flórum“ gegn 500,00 kr. greiðslu stk., en samkomulag tókst ekki. Örn segist þá hafa beðið X að taka gripina, en hann ekki sinnt því. Þessa muni fann lögreglan síðan í húsi því, sem ákærði Örn býr í, 3. nóvember 1993 og skilaði þeim eiganda 5. s. m. ásamt því, sem fannst að tilvísun X. Eigandi sagði þá töluvert vanta upp á, að allt hefði komið til skila. Gullsmiðurinn hefur staðfest frásögn Arnar um skipti þeirra í öllu, sem máli skiptir.

Ákærði Örn hefur gefið skýrslu fyrir dómnum og enn breytt nokkuð framburði sínum. Hann segist nú hafa heyrt orðróm um, hvar hlutirnir væru niður komnir, og spurst fyrir um þá, talað við meðákærða, sem kannaðist við að vera með munina, og haft síðan samband við gullsmiðinn og sýnt honum sýnishorn, sem hann fékk frá X. Hann kveðst hafa samið við gullsmiðinn um 100.000 króna greiðslu fyrir afhendingu og við X um, að þeir deildu fénu. Hann afhenti fyrst flóru og síðan aðra hluti, sem hann fékk 27000 krónur fyrir, en í það skipti hafði gullsmiðurinn orð á, að munirnir væru meira og minna ónýtir. Skýrir gullsmiðurinn þetta svo, að nokkuð af þýfinu hafi verið ónýtt og verðlaust, en að ekkert hafi skemmst, frá því að það var tekið og þar til því var skilað. Örn segist ekki hafa látið X fá neitt af greiðslunum, þar sem hann taldi þær svo óverulegar, en nýtti sér tékkann. X neitar að hafa samið við meðákærða um ágóðaskiptingu. Örn segist hafa beðið X að taka við því, sem eftir var, þegar upp úr samningum slitnaði við gullsmiðinn. X kom heim til ákærða, en gat ekki farið með munina, svo að þeir komu þeim fyrir í geymslu ákærða. Daginn eftir varð Örn þess var, að þeir voru horfnir, og taldi hann X hafa sótt þá. Munirnir fundust í geymslu annars íbúa hússins. X neitar að hafa fært þá og segist ekki hafa getað komist í geymsluna, þar sem hún var læst.

Örn segir, að eftir að hann talaði við gullsmiðinn, hafi hann skýrt tveimur rannsóknarlögreglumönnum frá milligöngu sinni í þessu máli. Hefur annar lögreglumaðurinn staðfest þá frásögn. Örn lítur svo á, að hann hafi verið að vinna gott verk fyrir opnum tjöldum með því að sjá til þess, að hinir stolnu munir kæmust til réttis eiganda, og að ekki sé nema eðlilegt, að hann fengi þóknun fyrir milligöngu sína.

Upptalning hinna stolnu muna styðst við skýrslu, sem lögreglan skráði eftir gullsmiðnum að morgni 1. september 1993. Tilgreining munanna er

ekki fyllilega skýr og næsta ónákvæm. Í skýrslu, sem tekin var af gullsmiðnum síðdegis 1. september 1993, er hið stolna sagt vera flóra Íslands, – þ. e. gullhúðuð lauf, fundin í náttúru Íslands, – skartgripir ýmiss konar, svo sem nælur, hálsmen og eyrnalokkar, eðalsteinar, perlur, slípaðir steinar, silfurfestar o. fl., að verðmæti ein til ein og hálf milljón króna í heildsölu. Samkvæmt kvittun eiganda, dags. 1. október 1993, hefur Örn skilað festum og letri þann dag. Samkvæmt skýrslu gullsmiðsins skilaði Örn þá um 500 gull- og silfurfestum og letri fyrir ágröft og nokkrum dögum síðar fullum poka af skemmdum flóruskartgripum og bauð skil á 276 flóruskartgripum. Að tilhlutan lögreglu var gullsmiður og leturgrafari fenginn til að meta þá muni, sem lögreglan hafði skilað fyrir málshöfðun, og er mat hans sem hér segir:

Marglitar kúlur	kr.	5.000		
83 ónixsteinar	–	83.000		
5 reyktópasar	–	20.000	kr.	108.000
„Flóra Íslands“, 19 nælur	–	95.000		
52 stk. ýmiss konar	–	197.600		
205 – × 1600	–	328.000	kr.	620.600
			kr	728.000
	VSK		kr.	178.507
	Samtals		kr.	907.107

Matsmaðurinn tekur fram, að hinir metnu skartgripir séu allir úr flóru Íslands, laufum, krækiberjagróðri og öðru slíku, húðuðum með 24 karata gullhúð, einnig lausar kúlur og steinar. Skekkjumörk í matinu eru 25–35% og innkaupsverð með sömu skekkjumörkum 364.300 kr.

Eigendur þýfisins hafa áætlað verð þess, sem Örn lét þá fá, 130.000 kr. að innkaupsverði með virðisaukaskatti og þess, sem ekki hefur komið fram, 250.000 kr. Segir gullsmiðurinn mega verðleggja leturstafi á um 5000 kr. Hann kveður ekki hafa komið til skila gullmuni, handunna og innflutta, sem voru á bökkum í afgreiðsluborði, og auk þess kveður hann vanta um 200 eðalsteina. Segir hann það, sem fannst 23. júní sl., vera svo nýkomið til sín, að hann hafi ekki getað gengið úr skugga um með vissu, hvað þar leynist. Segist hann hafa litið svo á, að hann væri að kaupa munina af Erni, en ekki greiða fundarlaun.

Af hálfu ákærvaldsins er lagt til grundvallar, að það, sem stolið var, og verðmæti þess sé eins og hér segir:

1. 276 „flóru“, sem Örn bauð skil á	kr.	907.107
2. 500 gull- og silfurfestar, sem Örn skilaði	–	130.000

3. Munir, fundnir við húsleit hjá X	kr.	<u>105.000</u>
	Samtals	kr. 1.142.107
4. Munir, sem hafa ekki komið í leitirnar	–	<u>250.000</u>
	Samtals	<u>kr. 1.392.107</u>

Við aðalflutning málsins var lýst yfir því af hálfu ákærvaldsins, að enn væri við það miðað, að allt það hefði verið tekið, sem í ákæru greinir, en svo sem til vara, að því hefði verið stolið, sem komið hefur í leitirnar.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu um hvarf skartgripa, skil þeirra og verðmæti, og samkvæmt 45. gr. laga 19/1991 þykir verða lagt til grundvallar, að ákærði X hafi tekið muni, sem fara ekki fram úr 700.000 krónum að verðmæti. Með þessari athugasemd þykir verða að fallast á kröfur ákærvaldsins á hendur X.

— — —

Ekki þykir verða lagt til grundvallar, að ákærði Örn hafi fundið skartgripina, sem hann skilaði og komu fram við húsleit, og ekki heldur, að annar maður en ákærði X hafi komið gripunum í hans hendur. Það gat ekki leynst fyrir Erni, að munirnir voru þýfi. Hann gat því ekki átt rétt á fundarlaunum. Með því að neyða réttan eiganda gripanna til að greiða sér fyrir skil muna og með því að halda fyrir honum munum, sem ekki tókst að fá fé fyrir, þykir hann hafa gert sig sekan um hylmingu, og verður þá að fallast á kröfur ákærvalds um refsingu og önnur viðurlög fyrir brot á 254. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Örn var dæmdur í 7 mánaða fangelsi, þar af fjögurra mánaða skilorðsbundið í þrjú ár, hér fyrir dómi 28. júní 1993 fyrir að falsa og selja skuldabréf í september 1992 og brjótast inn og stela peningum, myndbandstæki, myndavél, útvarpsmagnara og sambyggðu útvarps- og segulbandstæki 8. mars 1992 ásamt öðrum. Skilorðspáttur refsingarinnar var tekinn upp og honum dæmd átta mánaða fangelsisrefsing 17. febrúar sl., en þá var hann dæmdur fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, fyrir að undirbúa ásamt öðrum váttryggingarsvik með því að fara að kvöldi sunnudagsins 1. desember 1991 inn í verslun hér í borg, fjarlægja þaðan litsjónvarpstæki, myndbandstæki, hljómtækjasamstæðu, geislaspilara o. fl. og koma þessum munum í geymslu, og fyrir brot á 244. gr. s. l. með því að stela í þrjú skipti myndsendi, ljósritunarbúnað og rafsuðuvél, sem fundust í vörslum hans, án þess að hann gæti gefið á því viðhlítandi skýringar. Áður hafði hann 10 sinnum sætt refsingu, þar á meðal fyrir tékkamisferli árið 1991, og þriggja mánaða skilorðsbundnum fangelsisdómi fyrir þjófnað og hylmingu 1. október 1992. Brot þau, sem fjallað er um í máli þessu, eru framin fyrir upp-
kvaðningu dómsins frá 17. febrúar sl. Samkvæmt 78. gr. almennra hegningar-

laga ber nú að taka upp refsíákvörðun þess dóms og dæma ákærða hegn-
ingarauka, sem þykir hæfilega ákveðinn þriggja mánaða fangelsi.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dóms-
orði.

Skjöl málsins mislögðust eftir útgáfu ákæru. Þingfesting var ákveðin og
fyrirköll gefin út tafarlaust, eftir að þau komu í leitirnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði Örn Karlsson sæti þriggja mánaða fangelsi og greiði réttar-
gæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl.,
100.000 kr.

Ákærði X sæti sex mánaða fangelsi og greiði réttargæslu- og máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 50.000
kr. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 30.000 kr.,
greiði ákærðu að óskiptu.
